


Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

6. tbl. • Júní 1999



Úrslit í samkeppni Félags íslenskra gullsmíða og Samtaka iðnaðarins um hönnun og smíði karlmannlegasta og kvenlegasta víNFLöskutappans 1999 - sjá bls. 4 - 6



Bjöguð samkeppnisstaða bjórframleiðenda

Íslenskum bjórframleiðendum eru í mörgum atriðum sköpuð starfsskilyrði af hendi íslenskra stjórnvalda sem eru mun verri en kollegar þeirra erlendis búa við. Allar götur frá því að sala á áfengum bjór var leyfð hérlendis hafa íslenskir framleiðendur verið að tapa markaðshlutdeild til innflytjenda og er markaðshlutdeild þeirra á síðasta ári rúm 50%. Svo lág markaðshlutdeild innlendra framleiðenda er einsdæmi, a.m.k. í Evrópu. Ástæður fyrir þessu eru efalaust margar en hér verða nokkur atriði, sem vegna þungt gerð að umtalsefni.

BIRGÐAHALD OG DREIFING ÁTVR Á BJÓR UM ALLT LAND

Það þekktist varla nokkurs staðar nema á Íslandi að ríkiseinkasala á áfengi bjóði birgjum sínum upp á jafnmikla þjónustu og felst í birgðahaldi og dreifingu ÁTVR. Það er einfaldlega óeðlilegt að ríkið annist þessa þætti. Þessi þjónusta ÁTVR kemur innflytjendum að miklu meira gagni en innlendum framleiðendum sem hafa eigið dreifikerfi vegna annarrar framleiðslu sinnar. Í þessu sambandi má benda á að á þeim hluta markaðarins, þar sem vöru-dreifingin og samkeppnin er frjáls, þ.e. sala og dreifing til veitingahúsa, var markaðshlutdeild innlendu verksmiðjanna á síðasta ári um 65% og er heldur að styrkjast. Hlutdeildin nú í ársbyrjun var t.a.m. yfir 70%. Innlendir framleiðendur dreifa sjálfir öðrum drykkjarvörum sem þeir framleiða. Hvaða áhrif halda menn að það myndi hafa á markaði hér ef ríkið tæki að sér að dreifa t.d. gos-

drykkjum fyrir erlenda framleiðendur? Afleiðing miðstýrðrar vörudreifingar er sú að heildsalar með litla markaðshlutdeild geta boðið vöru sína um allt land og þannig notið stærðarhagkvæmni sem innlendir framleiðendur í raun leggja til.

Framleiðendur og innflytjendur eiga sjálfir að annast birgðahald og dreifingu til smásöluverslana ÁTVR.

ÍSLENSKUM BJÓRFRAMLEIÐENDUM BANNAD AÐ AUGLÝSA Á ÍSLANDI

Íslensk stjórnvöld hafa bannað íslenskum bjórframleiðendum að koma á framfæri upplýsingum til neytenda. Banninu hefur nú verið fylgt eftir með dómi Hæstaréttar. Erlendir keppinautar þeirra geta hins vegar auglýst í erlendum prentritum, sem hingað berast, og í sjónvarpi, bæði innlendu og erlendu. Á tímabili, eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, töldu seljendur bjórs á Íslandi sér heimilt að auglýsa sína vöru. Á því tímabili jókst markaðshlutdeild innlendra framleiðslu verulega. Auglýsingar erlendra framleiðenda birtast einkum við útsendingar frá erlendum íþróttaviðburðum. Þar getur erlendur bjórframleiðandi komið sínum bjór á framfæri við íslenska neytendur en íslenska framleiðandanum er óheimilt að koma sínum bjór á framfæri í sama dagskrárlið. Þetta er ólíðandi mismunur. **Annaðhvort verður að banna allar áfengisauglýsingar á Íslandi eða setja um þær reglur sem gilda jafnt fyrir innlenda sem erlenda framleiðendur.**

ÞRÓUNARFLOKKUR

Eftir að svokallaður þróunarflokkur var felldur niður er íslenskum framleiðendum gert nánast ókleift að koma nýrri framleiðslu á markað og til reynslusölu í verslunum ÁTVR. Þeim er gert að fara í biðröð, sem stendur í 10 - 14 mánuði, með nýjar vörur sínar og þegar varan kemur á markað er bannað að segja frá því! **Búa verður svo um hnúta að íslenskir framleiðendur eigi eðlilegan og sanngjarnan aðgang að verslunum ÁTVR með vörur sínar.**

ESB-BJÓR ÁN TOLLA Á ÍSLANDI – ÍSLENSKUR BJÓR MEÐ TOLLI Í ESB

Íslensk stjórnvöld hafa aflétt tollum af innfluttum bjór til Íslands án þess að sækja gagnkvæman rétt til handa íslenskum bjórframleiðendum. ESB innheimtir 10% toll af bjór frá Íslandi en enginn tollur er innheimtur af bjór við innflutning til Íslands. **Þegar í stað verður að semja við önnur EES-ríki og þau ríki önnur, sem fá að flytja hingað bjór án tolla, um gagnkvæman rétt íslenskra bjórframleiðenda til innflutnings til þessara ríkja án tolla.**

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
06. TBL. Júní 1999
ISSN 1022-7741
För í prentsmiðju: 9.06.1999
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar:
Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstig 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjórn: Ingi Bogi Bogason og
Þóra Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

matartími '99

Matvælaframleiðendur innan Samtaka iðnaðarins stóðu fyrir kynningu á framleiðslu sinni 27. maí síðastliðinn milli klukkan 13 og 16 í veislu-salnum Versölum, Hallveigarstíg 1.

Þar voru kynntar vörur sem henta sérstaklega hótélum, veitingastöðum, stóreldhúsum og öðrum mótuneytum og öðrum sem framreiða veitingar

fyrir stóra eða smáa hópa. Gestum gafst kostur á að kynna sér viðskiptakjör og bragða á sýnishornum af framleiðslunni. Þetta er þriðja árið í röð sem Samtökin og félagsmenn þeirra standa fyrir kynningu fyrir þennan mikilvæga markhóp.

Áhugi fyrir kynningunni virðist fara vaxandi og var það samdóma álit sýnenda að gestir hefðu verið mun

fleiri nú en í fyrra. Gestir, sem skráðu sig í gestabók kynningarinnar, voru 50% fleiri en í fyrra. Að vanda lögðu framleiðendur sig fram um að gera kynninguna sem glæsilegasta eins og myndirnar bera með sér.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Kjötbankinn kynnti vakúmpakkaða nautavöðva og nýja aðferð við framleiðslu á hamborgurum



Gæðafæði



Vörurnar frá Ora vekja alltaf athygli



Kjöttvörur frá Höfn á Selfossi



Myllan kynnti forbökuð brauð af ýmsu tagi



Stjórn Samtaka iðnaðarins bragðaði á brauði úr mjöli frá Kornax



Lýsi er ómissandi á morgunverðarborðið



Drykkir, smjörlíki og olúr frá Sól-Víking



Vogabær kynnti sósur og ídýfur

Samkeppni um hönnun og smíði á karlmannlegasta og kvenlegasta vínflöskutappa ársins 1999

Samkeppni um hönnun og smíði á karlmannlegasta og kvenlegasta vínflöskutappa ársins 1999


Um var að ræða samkeppni á meðal gullsmiða í Félagi íslenskra gullsmiða (FÍG) um hönnun og smíði á vínflöskutappa til gjafa handa konum og körlum við hin ýmsu tækifæri.



Formaður FÍG Halla Bogadóttir afhenti Ásdís Þ. Hafsteinsdóttur verðlaunin sem tók við þeim fyrir hönd Önnu Maríu Sveinbjörnsdóttur.



Páll Sveinsson tekur við verðlaunum fyrir „Hugrekki“



Hugrekki

Páll Sveinsson, gullsmiður, FÍG, Jón og Óskar, Laugavegi 61. Umsögn dómnefndar: „Karlmenntan felst í þyngd gripsins og skemmtilegri tvíræðni. Tappinn fer mjög vel í hendi og hefur tvöfalt notagildi. Stálið er enn fremur sterkt efni og karlmannlegt. Á toppnum trónir vígalegt naut (14 kt gull) sem er einkennandi fyrir kraftmikinn karlmann. Ef til vill væri hægt að bjóða upp á mismunandi gullskreytingu. Nafn gripsins á einnig vel við og þykir dómnefnd hönnun og útfærsla hans höfundinum til mikils sóma.“ Dómnefnd gaf gripnum hæstu einkunn og valdi tappann „Karlmannlegasta vínflöskutappann 1999.“



Láki 1

Anna María Sveinbjörnsdóttir, gullsmiður, FÍG, Safamýri 27. Umsögn dómnefndar: „Skemmtileg, fjörug og dansandi kona sem lifir í eigin heimi. Línurnar eru ljóðrænar, kvenleikinn áþreifanlegur en þó þarf að fara um hana mjúkum höndum. Yfir tappanum hvílir léttleiki, kvenleg hreyfing og stemning sem á vel við þema samkeppninnar.“ Dómnefnd gaf gripnum hæstu einkunn og valdi tappann „Kvenlegasta vínflöskutappann 1999.“



„Bíbí“
Jón Snorri Sigurðsson,
gullsmiður, FÍG



„Svanmundur 1“
Þorbergur Halldórsson,
gullsmiður, FÍG



„Vist“
Páll Sveinsson,
gullsmiður, FÍG



„Ís og eldur“
Dýrfinna Torfadóttir,
gullsmiður, FÍG




„Bel“
Bjarki Tryggvason,
gullsmiður, FÍG



„Ísar og Íssól“
Harpa Kristjánsdóttir,
gullsmiður, FÍG



„Kóngur“
Dýrfinna Torfadóttir,
gullsmiður, FÍG



„Hafdís“
Haukur Valdimarsson,
gullsmiður, FÍG



„Ís og eldur 2“
Hansína Jensdóttir,
gullsmiður, FÍG



„Hrein og bein“
Dýrfinna Torfadóttir,
gullsmiður, FÍG



„Hvað má bjóða þér“
„Meira fjör“
Guðrún Bjarnadóttir,
gullsmiður, FÍG



„Lady og Herkúles“
Hilmar Einarsson,
gullsmiður, FÍG



„Svanmundur 2“
Þorbergur Halldórsson,
gullsmiður, FÍG



„Asi“
Ásdís Þórkatta Hafsteinsdóttir,
gullsmiður, FÍG



„Hið ljúfa líf“
Dýrfinna Torfadóttir,
gullsmiður, FÍG



„Áróra“
Tómas Óskar Malmberg,
gullsmiður, FÍG



„Glúmur“
Baldvin Snæland,
gullsmiður, FÍG



„Par“
Jens Guðjónsson,
gullsmiður, FÍG



„Djárnar“
Sigurður Ingi Bjarnason,
gullsmiður, FÍG



„Reim“
Ástþór Helgason,
gullsmiður, FÍG



„Láki 2“
Anna María Sveinbjörnsdóttir,
gullsmiður, FÍG



Félag íslenskra gullsmiða
Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Sími 511 5502 Fax 511 5566



SAMTÖK
IÐNAÐARINS

Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Sími 511 5555 Fax 511 5566
E-mail: mottaka@si.is
Vefur: www.si.is

Lífstíll '99:

Glæsileiki og munadur

Lífstíll '99:

Glæsileiki og munadur

nokkrum íslenskum iðnfyrirtækjum tóku höndum saman með Katrínu Rós og innréttuðu 90 fermetra íbúð á sviði Laugardalshallarinnar. Um var að ræða fallega og nútímalega íbúð sem vakti verðskuldaða athygli og aðdáun sýningargesta.

Borðskreytingakeppni fjölmiðla vakti einnig mikla athygli en sex fjölmiðlar kepptu um glæsilegustu borðskreytinguna. Keppendur voru tímaritin Lífstíll, Húsfreyjan, Hús og híbýli og Gestgjafinn og útvarpsstöðvarnar FM 95,7 og Bylgjan. Borðskreytingarnar voru allar einstaklega fallegar en tímaritið Hús og híbýli bar sigur úr býtum og hlutu keppendur þeirra eðal kampavínskassa að launum sem Austurbakki gaf í þeim

Heimilissýningin Lífstíll '99, sem fram fór í Laugardalshöll dagana 28.-30. maí tókst mjög vel að mati sýnenda og sýningargesta.

Um var að ræða sýningu þar sem áherslan var lögð á heimilið, tómstundir, glæsileika og þægindi, jafnt heima og heiman.

Mikið var um dýrðir á Lífstíll '99 en rúmlega 60 fyrirtæki lögðu sig fram til að sýningin tækist sem allra best. Það er óhætt að segja að sú vinna hafi margborgað sig og skilað sér í einni af glæsilegri vörusýningum sem haldnar hafa verið hér á landi undanfarin ár. Meðal sýnenda voru mörg innlend iðnfyrirtæki sem kynntu vörur sínar og vöktu þær mikla athygli.

DRAUMAÍBÚÐ VAKTI ATHYGLI

Meðal þess, sem var á Lífstíll '99, var draumaíbúð nýkjörinnar feгурðardrottningar Íslands, Katrínar Rósar Baldursdóttur. Drífa Hilmarsdóttir, út-litshönnuður og forsvarsmenn margra af glæsilegustu sérverslunum landsins ásamt



Félag meistara og sveina í fataiðn





tilgangi.

FÍG MEÐ FALLEGASTA BÁSINN

Á lokavöldi sýningarinnar var komið að því að tilkynna hver hlyti kampavínskassa fyrir fallegasta básinn. Básar sýnenda voru undantekningarlítið einstaklega fallegir,



Félag íslenskra snyrtifræðinga




Veisluþjónustan sá um veitingasal og þjónaði gestum til borðs



Borðskreytingakeppni fjölmiðla



Mikil aðsókn var í draumaíbúð Fegurðardrottningar Íslands 1999



Úr svefnherbergi Fegurðardrottningarinnar



Leðuriðjan vakti athygli á vönduðum varningi



Meistarar í hárgreiðslu



Úr stofu Fegurðardrottningar Íslands 1999



Sýningarbás Landssímans fór ekki fram hjá neinum enda 90 fm² á tveim hæðum. Hæsti punktur 9 metrar.

Síðastliðið haust hófst víða um land kennsla í grunndeildum málmíðna í samræmi við nýskipan iðnnáms í málmíðnaði.

Með þessari nýskipan varð sú grundvallarbreyting á náminu að almennt bóknám, sem krafist er í málmíðnum, hefur verið fært til fyrstu fjögurra annanna og því eiga nemendur að geta nýtt t.a.m. málfraði, stærðfræði og aðra grundvallarþekkingu betur en ella á síðari hluta námstímans (5. og 6. önn) þegar þeir hafa valið sér fag innan málmgæirans. Þannig eiga þeir að geta einbeitt sér enn betur að bóklegum og verklegum hlutum faglega námsins tvær síðustu annir námstímans.

Þeir nemendur, sem hófu nám á fyrri hluta (sem margir vilja kalla málm- og véltæknibraut) á síðasta hausti, munu ljúka þeim áfanga að ári. Þá þurfa þeir að ákveða hvaða málmgreinarfag þeir vilja stunda og hefja síðan nám á sínu valsviði við upphaf haustannar árið 2000. Þetta þýðir að öll námsskipan og námsefni fyrir þessar síðustu annir verður að vera tilbúið í byrjun næsta árs. Hér er um viðamikil verkefni að ræða því nýskipan námsins í málmíðnaði gerir ráð fyrir meiri kröfum en miðað hefur verið við til þessa. Þessar kröfur taka mið af þörfum fyrirtækjanna í greininni og einnig sams konar kröfum sem gerðar eru til málmíðnaðarmanna meðal samkeppnisþjóða okkar. Ljóst er að ef þessar kröfur verða ekki lagðar til grundvallar náms dragast íslensk málmíðnaðarfyrirtæki aftur úr í samkeppninni við erlenda keppinauta. Með því glatast margvísleg verkefni sem geta gefið vel af sér fyrir fyrirtæki og starfsmenn þeirra. Standist menn og fyrirtæki hins vegar slíkar kröfur opnast enn frekari möguleikar á alþjóðamörkuðum.

SAMÍÐ VIÐ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Á miðju síðasta ári gaf menntamálaráðuneytið út námskrá fyrir fjórar fyrstu annirnar og eru þær komnar í notkun eins og áður er sagt frá. Með samningi Starfsgreinaráðs í málm-, véltækni- og framleiðslugreinum (sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla) og menntamálaráðuneytisins frá 4. maí sl. tók ráðið að sér umsjón með gerð námskrár fyrir 5. og 6. önn málmíðngreina. Hér er um að

ræða sérnám í blikksmíði, rennismíði, vélvirkjun, stálsmíði og málm-suðu. Síðan samdi Starfsgreinaráðið við Fræðsluráð málmíðnaðarins um að taka að sér verkið sem byggist á því að vinna áfangalýsingar fyrir 47 námsáfanga ásamt verkfæra- og tækjalistum og lista yfir kennslubækur í áðurnefndum faggreinum.

Fræðsluráðið hefur nú þegar hrundið þessu mikla verki af stað og samið við valinkunna sérfræðinga á viðkomandi sviðum um að semja áfangalýsingar fyrir 10 áfangaflokka. Af þessum flokkum má nefna iðn- og tölvuteikningar, stýritækni, gæðavitund og umhverfisfræði, efnisfræði og mælingar, lagna-, vökva- og kælitækni, málm-suðu, loftræstingar, rennismíði, vélfræði og vinnslu- og verktækni. Hér er því ekkert áhlaupaverk enda er gert ráð fyrir að fyrstu tillögur verði ekki tilbúnar fyrr en í nóvember nk. Þá á eftir að fara yfir þær og endurbæta eftir því sem tilefni gefst til. Verkinu á að vera lokið í mars á næsta ári enda síðustu forvöð ef taka á nýja námskrá fyrir 5. önn í notkun á haustdögum árið 2000 og fyrir þá 6. í byrjun árs 2001.

En ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið; meira þarf til.

HÖFUÐSKÓLI MÁLMÍÐNAÐARINS

Þegar námskrá liggur fyrir þarf að afla kennslubóka í samræmi við hana, skipuleggja kennsluna og síðast en ekki síst verða skólar að búa yfir þeim vélum og tækjum sem kröfur eru gerðar til og hæfir kennarar verða að fást til að kenna á þau. Eins og nærri má geta er ekki í færi allra iðnmenntaskóla landsins að bjóða nám í öllum greinum málmíðna til loka 6. annar. Þess vegna hafa hagsmunaaðilar í málmíðnaðinum unnið að því undanfarið að tryggja a.m.k. að á einum stað á landinu verði hægt að kenna allar megingreinar málmíðna. Þar verði enn fremur þróunarmiðstöð greinarinnar,



endurmenntunarnámskeið og þar geti framhaldsskólanemar (tækni- og verkfræðinemar) fengið verktæknilega þjálfun. Þangað sækir málmíðnkennarar annarra skóla fræðslu og þjálfun og þeir þar að auki sent sína nemendur til sérhæfðs tímabundins náms (námskeið) sem ekki er grundvöllur til að bjóða upp á í þeirra skóla. Hér er í raun verið að tala um kjarnaskóla málmíðnaðarins í skilningi nýju framhaldsskólalaganna; höfuðstöðvar málmíðnaðarkennslu á Íslandi.

SJÁLFEIGNARSTOFNUN?

Stefna menntamálaráðuneytisins í þessum efnunum er að kjarnaskóli málmíðnaðarins verði við Borgarholtsskóla í Reykjavík. Undanfarið hafa farið fram ítarlegar viðræður milli hagsmunaaðila málmíðnaðarins, ráðuneytisins og fulltrúa umrædds skóla um hugsanlega aðkomu þeirra fyrst nefndu að slíkum skóla. Um þessar mundir er m.a. verið að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að sjálfseignarstofnun á vegum hagsmunaaðila í málmíðnaði taki að sér rekstur kjarnaskólans með sérstöku samkomulagi við ráðuneytið. Mörg álitæfni eru til skoðunar í þessu sambandi og of snemmt að kveða upp úr um hvort ofangreind hugmynd verði að veruleika.

Þessar viðræður og endurnýjun sjálfs námsins eru þó til marks um að allir aðilar, sem að þessu máli koma, vilja skoða nýjar leiðir sem virkja hagsmunaaðila og yfirvöld menntamála til sameiginlegs átaks til að koma íslenskum málmíðnaði í fremstu röð.

Ingólfur Sverrisson

25 ára afmæli CICA



Ármann Örn Ármannsson sótti afmælisfund CICA, Heimssamtaka verktakaiðnaðarins, sem var haldinn dagana 10. til 12. maí sl. í tilefni af því að 25 ár eru liðin frá stofnun samtakanna. Hér fer á eftir útdráttur úr frásögn hans af fundinum.

CICA eru regnhlífasamtök svæðisbundinna þjóðasambanda verktakaiðnaðarins víðast hvar í heiminum nema í Kína og í Afríku sunnan Sahara. Til ráðstefnunnar var boðið völdum þátttakendum frá 40 löndum en yfirskrift hennar var: Svar verktakaiðnaðarins við heimi í yfirfærslu.

Þar sem ráðstefnan var haldin í Berlín var borgin að vonum mjög í sviðsljósinu á ráðstefnunni. Ótrúlegur hraði hefur einkennt uppbyggingu Berlínar en evrópsk mannvirkjagerð náði sér fljótt á strik eftir síðari heimsstyrjöldina.

Margar Evrópuþjóðir líta á verktakaiðnað sem forsendur efnahagslegra framfara og víðast hvar lætur nærri að um fjórðungur ríkisútgjalda renni til þessa málaflokks. Evrópskir verktakar telja að öflugt flutningakerfi og háþróaður byggingariðnaður sé lykillinn að samkeppnishæfni. Bandarískir verktakar eru sama sinnis en í Bandaríkjunum rennur nú fjórðungur ríkisútgjalda til mannvirkjagerðar líkt og í Evrópu.

SLÆM STADA VÍÐA UM HEIM

Ríki Mið- og Suður-Ameríku hafa orðið fyrir efnahagslegum stóráföllum og milljarðatjóni af völdum náttúruhamfara á undanföllum árum. Atvinnuleysi er landlægt og fátækt fer vaxandi. Undirstaða framfara í þessum heimshluta er ekki síst bættar vegasamgöngur en ríkisvaldið virðist ekki hafa bolmagn til að gera langtímaáætlanir í þeim efnum fremur en öðrum.

Í ríkjum Norður-Afríku og Austurlöndum nær er vatnsskortur landlægt vandamál. Brýnustu verkefni þessa heimshluta lúta að verndun vatns, endurvinnslu á vatni og lagningu vatnsleiðslukerfa. Í þessum heimshluta eru erlendir verktakar ráðandi en heimamenn eru þó að sækja í sig veðrið.

Í Asíu skortir mikið á samstöðu verktaka en fjölmennasta ríkið, Kína, er ekki aðili að sambandinu. Sums

staðar, eins og í Malasíu, hefur árleg framleiðsla verktakaiðnaðar 100 faldast á tiltölulega stuttum tíma en Indverjar hrópa á erlenda aðstoði einkum í vegagerð.

FRAMTÍÐARVERKEFNI

Hlutverk byggingariðnaðarins er að mæta kröfum framtíðarinnar og gefa komandi kynslóðum kost á betra lífi. Í borgunum liggur sameiginleg framtíð mannkyns hvort sem okkur líkar betur eða verr. Íbúum stórborga fjölgar um 60 milljónir manna á hverju ári. Þar þjappast einkum saman fátækt fólk sem verður brátt ráðandi afl. Þetta fólk verður flest að gera sér lélegt húsnæði að góðu. Skammt er í að vandræðaástand skapist ef ekkert verður að gert.

Þörf fyrir betri vegi er aðkallandi en gott vegakerfi er undirstaða hagþróunar í stærstum hluta heims. Auk húsnæðis og vega er hreint vatn eitt brýnasta málið fyrir heimsbyggðina og eitt stærsta verkefni verktakaiðnaðarins á næstu árum. Einkafyrirtæki þurfa að koma þar mjög við sögu ef takast á að leysa brýnustu vandamál. Formaður húsnæðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna sagði að heimurinn yrði að setja traust sitt á hinn frjálsa samkeppniðnað því að ríkisstjórnir væru almennt ekki vandanum vaxnar.

FJÁRMÁLHLIÐIN

Verktakaiðnaður byggist einkum á samstarfi viðskiptavina, verktaka og banka. Margir þurfa að koma að fjármögnun stórra verkefna og nauðsyn að hafa aðgang að einkafjármagni þar eð þeir bera áhættuna sem eru hæfastir til að stjórna.

Talsmenn banka héldu því fram að brýnast væri að lengja lánstímann en fulltrúar verktakaiðnaðarins töldu varhugavert að láta komandi kynslóðir borga það sem nú er framkvæmt og urðu menn ekki á eitt sáttir um þau mál.

ÍSLENSKIR VERKTAKAR

Um þessar mundir skipta stærð eða ríkisfang fyrirtækis ekki sköpum varðandi árangur þess í viðskiptum heldur sérhæfing. Fyrirtæki í verktakaiðnaði annars staðar á Norðurlöndum hafa gert sér grein fyrir þessu og nýta sér óþarft enda hafa slík fyrirtæki aflað

umtalsverðra gjaldeyrstekna með starfsemi sinni erlendis. Íslenskur verktakaiðnaður hefur enn ekki sótt á þau mið svo að neinu nemi en hann tekur nú miklum breytingum sem vonandi auka samkeppnishæfni hans.

Frá 1976 hafa Íslendingar verið aðilar að FIEC, Evrópusambandi verktaka, fyrst sem Verktakasamband Íslands en eftir að það sameinaðist Samtökum iðnaðarins í gegnum þau. Samtök iðnaðarins hafa nú sagt sig úr Evrópusambandi verktaka þar eð enginn hefur sýnt alþjóðlegu samstarfi áhuga að sögn framkvæmdastjóra þeirra.

Ármann Örn Ármannsson


Námsmenn á vegum Samtaka iðnaðarins í Suður-Afríku

Í sumar starfa tveir námsmenn, annar nýútskrifaður vélaverkfræðingur en hinn nýútskrifaður efnifræðingur, við tilraunaverksmiðju í Komati í Suður-Afríku. Aðdragandinn er þátttaka Samtakanna í þróunarfyrirtækinu Ískem ehf. sem undanfarið hefur skoðað möguleika þess að framleiða polyol úr sykri eða mólassa. Stofnendur Ískem eru nokkrir innlendir aðilar og Technology International Exchange Inc. sem er bandaríkt tækni- og þróunarfyrirtæki. Tilgangur með stofnun Ískem var að auka innlenda og erlenda fjárfestingu í iðnaði sem nýtir innlenda orku. Polyolvinnsla er eitt af verkefnum sem fyrirtækið er að skoða en mikla jarðgufu þarf til framleiðslunnar. Í ferð iðnaðarráðherra til Suður-Afríku í ársbyrjun var ofangreind tilraunaverksmiðja m.a. skoðuð og rætt við eigendur hennar um mögulegt samstarf í tækni- og hráefnamálum. Í þeim viðræðum kom upp sú hugmynd að senda héðan tvo námsmenn til að vinna við verksmiðjuna í sumar og kynna sér framleiðsluna og treysta sambandið milli Suður-Afríku og Íslands. Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkir verkefnið.

Ólafur Kjartansson

BRAUÐ Í ÖLL MÁL

Landssamband bakameistara og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir markaðsáttakinu „Brauð í öll mál“ síðari hluta maí mánaðar eins og greint var frá í síðasta tölublaði Íslensks iðnaðar. Gefinn var út uppskriftabæklingur með léttum réttum sem henta vel með brauði. Bæklingurinn lá frammi í öllum þátttökubakaríum síðustu tvær vikurnar í maí og er það samdóma álit þátttakenda að bæklingurinn hafi komið vel út og fallið viðskiptavinum vel í geð. Í tengslum við átakið var boðið upp á aukið úrval ítalskra og annarra suðrænna brauða í bakaríunum. Flestir bakarar, sem þátt tóku í verkefninu, hafa fundið fyrir verulegri



tilfærslu á viðskiptum frá venjulegum brauðum yfir í ítölsk og margir hafa fundið aukningu í heildarsölu. Á sama tíma hafa margir bakarar hafið sölu á ýmiss konar ítölsku meðlæti með brauði, s.s. sólþurrkuðum tómötum, þistilhjörtum, pesto og fleiru sem gefur búðunum ferskan og framandi blæ. Ekkert lát virðist á vinsældum ítölsku brauðanna og því má vænta aukins úrvals ítalskra brauða í bakaríum framvegis.



Þekkingar- og færni-kröfur í málmiðnaði

Fræðsluráð málmiðnaðarins tekur þátt í verkefni sem fengið hefur nafnið Market Scanner II. Verkefni þetta er styrkt af starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins, Leonardo-áætluninni, og eru þátttakendur m.a. frá Hollandi, Þýskalandi, Finnlandi og Ítalíu. Markmið þess er að meta þörf fyrir kennslu og þjálfun í málmiðnaðarfyrirtækjum og leita leiða til að uppfylla þær. Hvert þátttökuland mótast sitt eigið verkefni innan þessa ramma og hefur verið

ákveðið að markhópur íslenska verkefnisins séu þau fyrirtæki sem framleiða vélar og tæki fyrir matvælaíðnað, þ.á.m. fyrir fiskiðnað. Þegar hefur fengist umtalsverður styrkur til verkefnisins úr sjóðum ESB og íslenski hluti þess kominn á fullan skrið.

Skipuð hefur verið verkefnisstjórn hér á landi sem í eiga sæti Davíð Lúðvíksson og Ingólfur Sverrisson, Samtökum iðnaðarins, Örn Friðriksson, Félagi járníðnaðarmanna, Sigurður Brynjólfsson, Háskóla Íslands og Elías Gunnarsson, Meka hf. Verkefnisstjóri er Gylfi Einarsson, Fræðsluráði málmiðnaðarins.

Tveir faghópar hafa þegar hafið störf. Annar er hópur fulltrúa úr fyrirtækjum í matvælaframleiðslu, dreifingu og sölu þeirra. Hinn faghópurinn skipa fulltrúar úr málmiðnaðarfyrirtækjum og frá hönnuðum sem þjónusta matvælaíðnað með hönnun og smíði véla og tækja. Óhætt er að fullyrða að mikið mannval er í þessum



Nýr starfsmaður SI

Haraldur Dean Nelson hefur frá 1. febrúar síðastliðnum verið ráðinn sem upplýsingastjóri hjá

Samtökum iðnaðarins. Hann mun ritstýra upplýsingavef Samtakanna auk þess að hafa umsjón með tölvu- og netmálum þeirra og sjá um ýmis samskipti við fjölmiðla. Haraldur, sem er fæddur og uppalinn í Keflavík, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1987 og BA-prófi í sagnfræði og íslensku frá Háskóla Íslands vorið 1994. Ári síðar lauk hann framhaldsnámi í kennslufræðum við sama skóla. Haraldur hefur einnig lokið námskeiðum í vefsíðugerð og netumsjón, bæði hjá Rafiðnaðarskólanum og Íslenska menntanetinu.

Haraldur hefur m.a. starfað sem lögreglumaður og kennari en síðasta ár starfaði hann sem verkefnastjóri hjá Rafiðnaðarskólanum þar sem hann sá m.a. um ritstjórn námsefnis og tölvukennslu.

faghópum og áhugi verulegur á starfinu.

Í fyrsta áfanga verkefnisins verður leitast við að skynja og greina framvindu innan greinanna; hvaða kröfur matvælaframleiðendur munu gera til véla og tækja í framtíðinni og hvernig framleiðendur þeirra (málmfyrirtækin og hönnuðir) geta mætt þeim.

Með því að „skanna“ þetta ferli á samræmdan hátt fá menn betri skilning á því hvaða kröfur þarf að gera til málmiðnaðarfyrirtækja og starfsmanna þeirra í framtíðinni um faglega færni. Það er svo aftur grunnur þess að Fræðsluráð málmiðnaðarins bjóði þau fagnámskeið sem koma að mestu gagni í harðri samkeppni fyrirtækjanna á alþjóða markaði.

Verkefni þetta stendur í tvö ár og að þeim tíma liðnum ættu að liggja fyrir mikilsverðar upplýsingar um þekkingar- og færni-kröfur sem uppfylla þarf í málmiðnaðinum á næstu árum.

Ingólfur Sverrisson

NÍÐURSTÖÐUR LAUNAKÖNNUNAR

Nýlega birti kjararannsóknarnefnd niðurstöður launakönnunar fyrir 4. ársfjórðung 1998.

Gagngerar breytingar hafa verið gerðar á launakönnuninni og úrtakið miðað við eldri kannanir. Breytt hefur verið um aðferðir við söfnun gagna, úrvinnslu og framsetningu niðurstaðna. Launakönnunin er því ekki sambærileg við eldri kannanir.

Hér er birt meðaltal greidds tíma-kaups nokkurra starfsstétta úr könnuninni.

Fréttabréf kjararannsóknarnefndar nr. 115 fæst á skrifstofu nefndarinnar, Bolholti 4.

Greitt tímakaup - meðaltal 4. ársfj. 1998

Alm. starfsf. í kjötiðnaði	kr. 540
Bakarar	kr. 777
Kjötiðnaðarmenn	kr. 695
Saumafólk	kr. 498
Múrarar	kr. 839
Smíðir	kr. 796
Stjórnendur jarðvinnuvéla	kr. 767
Verkafólk í byggingaiðnaði	kr. 541

KIN
Kjararannsóknarnefnd

Nýafstaðinn ársfundur spilliefnanefndar

Á fundinum voru kynnt störf nefndarinnar, fyrirkomulag það á förgun spilliefna sem Íslendingar hafa komið á, og árangurinn sem sjá má af fyrsta starfsári nefndarinnar.

Árið 1998 er fyrsta heila árið sem spilliefnagjald er lagt á skv. lögum um spilliefnagjald, og náði álagningin til flestra spilliefna.

Segja má að fyrirkomulagið sé að festast í sessi og að það geti allt eins orðið fyrirmynd að meðferð annars úrgangs í landinu. Í lok ársins var einungis eftir að taka á tveim vöruflokkum, kælimiðlum og efnum sem innihalda kvikasilfur. Á árinu 1999 ætti því kerfið, eins og lögum um spilliefnagjald gera ráð fyrir því, að vera að fullu komið á.

Í árslok 1998 var gerður verktakasamningur við olíufélögin um flutning og eyðingu smuroliúrgangs er tók gildi 15. mars 1999. Á sama tíma komst á fyrsti „frjálsi samningurinn“ þegar umhverfisráðherra staðfesti samkomulag er olíufélögin hafa gert með sér og tekur til sömu þátta fyrir svartolíuúrgang.

Fyrirkomulag það á förgun spilliefna sem Íslendingar hafa komið á í góðri samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda er, svo vitað sé, einstakt í sinni röð. Hvergi annars staðar er unnið eftir sambærilegu heildstæðu kerfi þar sem tekið er á flestum vöruflokkum sem geta orðið að spilliefnum. Kerfið sjálft ásamt því fyrirkomulagi að greitt sé fyrirfram fyrir förgun hættulegra spilliefna, hefur vakið athygli í nágrannaríkjum okkar.

Árið 1998 bárust spilliefni til förgunar sem að jafnaði nema 18 kg á hverja fjóra Íslendinga. Förgunarkostnaður þessara 18 kg nam ríflega eitt þúsund krónum.



A fundinum var lögð fram ársskýrsla spilliefnanefndar og geta áhugasamir nálgast hana hjá starfsmanni nefndarinnar sem hefur aðstöðu hjá Vinnueftirliti ríkisins.

Ólafur Kjartansson